

Aðalfundur FS haldinn föstudaginn 5.júní 2020

á Grand Hótel kl. 1400

Fundur settur kl.1410.

Fundarstjóri Árni sverrisson

Ritari Birgir Sigurjónsson

Skýrsla formanns.

Árni Bjarnason sagði frá því að loks væru hafnar framkvæmdir við byggingu nýs sumarbústaðar við Laugarvatn. Mun þar rísa 105 fermetra bústaður nánast viðhaldsfrír. Félagsmenn hafa lýst ánægju með nýju íbúðirnar fjórar í Reykjavík og Akureyri. Unnið er að viðhaldi á eldri íbúðum félagsins.

Nýlokið er miklum endurbótum á skrifstouhúsnæði félagsins sem voru löngu tímabærar. Kaffi og kleinur síðasta föstudags mánaðarins mæltist vel fyrir og var vel sótt þar til Covid kom til skjalanna og verður ekki á dagskrá aftur fyrr enn fært þykir.

Fimm stjórnarfundir, auk fjarfunda af ýmsu tagi hafa verið haldnir á árinu. Auk þess hafi félagið tekið þátt í fjölda funda í ýmsum ráðum og nefndum sem félagið hefur aðild að.

Allir samningar sem lausir voru hafa verið endurnýjaðir utan einn og það er samningur fiskimanna og langt í frá að sjái til lands þar. Rakti hann síðan ýmsar ástæður þess að staðan er eins og hún er í dag.

T.d. ákvæði um veikindarétt í skiptikerfum. Margir fundir voru haldnir um það atriði og á einum tímamarki var álit manna beggja vegna borðsins að samkomulag lægi fyrir kom að því þegar mætt var á fund hjá SFS var samkomulaginu alfarið hafnað og málið því á byrjunarreit í dag. Heyrst hefur að fyrir liggja á alþingi frumvarp að lögum, (að undirlægi SFS), þessefnis að útgerðin greiði áfram 8% framlag í lífeyrissjóð á móti 4% framlagi sjómanna. Almennt framlag fyrirtækja er 11.5%.

Ólíklegt þyki honum að kjarasamningar náist fá sjómenn ekki leiðréttingu á þessum mikilvæga þætti.

FS hefur stutt Sjómannasamband Íslands í málaferlum gegn Landssambandi smábátæigenda vegna breytinga á skiptakjörum. Því máli er lokið með fullnaðarsigri SSÍ. SFS hefur ítrekað brotið á sjómönnum varðandi samninga og verða þau mál væntanlega leyst í dómsölum.

Ekki var staðið við kauptryggingaratriði sem um var samið. Sér hann fram á talsverða viðveru í dómsölum á næstunni.

SFS telur sig geta hringlað með skiptaprósöntuna eftir eigin höfði. Fiskeldisfélög vilja ekki semja hvorki við SF né vélstjórana. Þeir vilja semja við verkalýðsfélög á hverjum stað fyrir sig.

Ljóst er að norðmenn stýra þessum fyrirtækjum og vilja hafa sínar aðferðir við mönnun skipanna líkt og í Noregi þar sem eini maðurinn um borð sé kranamaðurinn. Skýrslur frá Noregi sýna að slys og jafnvel dauðsföll í greininni megi rekja til vanþekkingar skipverja varðandi öryggi skipanna.

Boðað hefur verið til fundar hjá rikissáttarsemjara að ósk FS og VM. Tveir lögfræðingar ætla mæta fyrir hönd fiskeldisfyrirtækjanna og þykir einsýnt að þeir ætli að fara dómstólaleiðina í málinu.

Við verðum að höfða mál á hendur þessum norsku fyrirtækjum til að þvinga þau að samningaborðinu. SFS telur sig ekki hafa umboð til að ræða við okkur. Það er með ólíkindum

hverninig hlutirnir hafa gengið fyrir sig að undanfögnu. Mikil harka er hjá SFS gagnvart stéttarfélagunum en að sama skapi lítil samstaða hjá félögum nú þegar mest reynir á.

Vert er að vekja athygli á þeim einbeitta vilja SFS til að undirmanna skipin. Þar er grafalvarlegt mál á ferðinni. Til að ná svokölluðu nýsmíðaálagi, sem náðist ekki á síðasta ári, er þetta leið SFS til að ná því.

Dapurt er að horfa upp á þau gríðarlegu áhrif sem útgerðarmenn og fiskeldisfyrirtæki hafa orðið á stjórnvöld. Það má segja að þau séu orðin ríki í ríkinu. Hann hefur undir höndum kröfur útgerðarmanna. Þær eru 20 og leiða til verri kjara sjómanna. Þróun kjaramála fiskimanna er ískyggileg og ekki verður hlaupið að því að snúa því til betri vegar.

Reikningar félagsins.

Árni Sverrisson fór yfir reikninga félagsins. Fram kom að rekstur félagsins er í góðu horfi, staða félagsins er mjög góð. Reikningar samþykktir.

Umræður um skýrslu formanns og ársreikninga.

ÁS lagði út frá orðum **ÁB** varðandi fækkun manna í áhöfnum skipanna og hversu alvarlegar afleiðingar það getur haft á heilsufar manna.

Snæbjörn Ólafsson lýsti reynslu sinni af fiskeldinu. Hann hefur komið að fyrirtæki sem þjónustar laxeldið fyrir vestan. Í byrjun, á meðan Íslendingar stjórnðu, var þetta ósköp ljúft en nú er svo komið að norðmenn hafa alfarið tekið við stjórninni og ætla sér að gera allt á norska vísu. Þeir stefna að því að koma með eigin skip til að þjónusta eldið og engin von er til að íslensk fyrirtæki geti keppt við þá og auðséð er að gríðarleg fjárfesting fer forgörðum.

ÁB lýsti framkomu norðmanna gagnvart Íslendingum í þessu máli nýlendustefnu. Þei ætli sér að fá allt fyrir ekki neitt og því verði að berjast á móti.

Skýrsla formanns samþykkt.

Kjör stjórnar.

ÁS kom inn á að í ár hefði átt að vera kostningar til stjórnar en þar sem aðeins einn listi kom fram er núverandi stjórn sjálfkjörin með einni breytingu. **Gunnar Gannrsson** fer út sem varamaður og inn kemur **Einar Pétur Eriksson**.

Kjaramál.

Páll Ægir Pétursson staðfesti það sem **ÁB** nefndi í sinni skýrslu allir samningar séu í höfn utan einn.

Kom hanninn á nokkur atriði í samningunum sem eru til hagsbóta, s.s. að auk launahækkana er stefnt að upptöku svokallaðar launaþróunartryggingu. Launaþróunartrygging gengur út á það launaþróun hjá þeim sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum verði ekki lakari en á almennum vinnumarkaði. Nú fá allir 30 daga orlof og 13.4% álag á yfirvinnu. Viðbótar og símenntun gefur möguleika til hærri launa og hæfari starfsmenn. Farmannasamningar voru undirritaðir 2019 og tóku þeir mið af lífskjarasamningunum. Frumvarp um alþjóðlega skipaskrá verður væntanlega lögð fyrir á næsta þingi.

Talsverð umræða varð um alþjóðlegu skipaskrána.

Önnur mál.

ÁS lagði til að Hreggviður Símonarson yrði skipaður skoðunarmaður ársreikninga, var það samþykkt.

Ársreikningar samþykktir.

Aðspurður taldi **ÁB** að ekkert myndi gerast varðandi samninga fiskimanna fyrr en í haust og sagði jafnframt að það kæmi honum ekki á óvart að þessi deila endaði með gerðardómi.

Nokkur umræða varð um olíuprósentuna.

Guðlaugur Gíslason sagði frá heimsókn sinni í Stýrimannaskólan. Lýsti hann vonbrigðum sínum hvernig komið væri fyrir honum. Ekkert væri þar sem mynnti á gamla tímann. Allar myndir horfnar svo og gjafir sem hinir ýmsu árgangar hafa gefið skólanum í gegnum tíðina. Fannst honum skólanum sýnd mikil vanvirðing. Skoraði hann á FS að gera allt sem hægt er að bjarga þessum hlutum sem eru í geymslu út um hvippinn og hvappinn.

ÁS lýsti yfir fullum stuðningi við málflutning **GG**.

Nokkur umræða varð um málið.

ÁB flutti stutta hugvekju, (reynslusögu af starfinu), áður en hann sleit fundi kl.1600